



**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Helga Hjörvars, formanns**  
**skrifstofu Alþingis**  
**150 Reykjavík**

Akranesi, 25. febrúar 2013

**Varðar: Tillögu að breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997**

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar er þess farið á leit við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að gerð verði breyting við 3. mgr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Með breytingunni verði sveitarfélögum heimilað að greiða upp eða upp í lífeyriskuldbindingar með skuldabréfi.

**Forsaga**

Akraneskaupstaður gaf út skuldabréf á Orkuveitu Reykjavíkur árið 2011 vegna láns til Orkuveitunnar að upphæð um 442 milljónir króna. Í fjárhagsáætlunum Akraneskaupstaðar fyrir árið 2011 hafði verið gert ráð fyrir að greitt væri inn á lífeyrisskuldbindingu kaupstaðarins. Því fjármagni var ráðstafað til Orkuveitunnar vegna tímabundinna erfiðleika. Við útgáfu skuldabréfsins til Orkuveitunnar var strax tekin sú stefna að skuldabréfið yrði notað sem innborgun á lífeyrisskuldbindingu Akraneskaupstaðar. Þegar færa átti skuldabréfið, sem er flokkað sem óskráð skuldabréf, yfir til lífeyrissjóðsins sem greiðslu upp í lífeyrisskuldbindingu kom í ljós að lagaskilyrði heimiluðu ekki að það væri gert.

Í þessu sambandi viljum við vekja athygli á undanþágu frá VII kafla lífeyrissjóðslaganna nr. 129/1997, sbr. 3. mgr. ákvæðis III til bráðabirgða. Greinin er svohljóðandi:

*„Skuldabréf skv. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997 sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur tekið við, svo og skuldabréf sem Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur tekið við, vegna uppgreiðslu skuldbindinga fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.*

Þegar Reykjavíkurborg seldi hlut sinn í Landsvirkjun, var gefið út skuldabréf sem fór inn í Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar sem greiðsla á lífeyrisskuldbindingum. Það var heimilt, þar sem skuldabréfið var með ríkisábyrgð. Það að það gildi ekki sömu reglur um greiðslu með skuldabréfum með sveitarfélagaábyrgð og ríkisábyrgð er mjög bagalegt.

**Staða málsins í dag**

Fyrir Alþingi liggur tillaga að breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, þar sem m.a. er gerð eftirfarandi tillaga að breytingu á 36. grein:

„Við 3. mgr. 36. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

*Nú greiðir launagreiðandi inn á skuldbindingu sína við lífeyrissjóð, sem nýtur bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélags, með því að gefa út skuldabréf [skv. 9. tölul. 1. mgr.] sem ekki eru skráð á skipulegum markaði og skal sjóðnum þá heimilt að eiga slík skuldabréf óháð takmörkunum þessarar greinar.“*

Eins og framangreind tillaga að breytingu hljóðar, þá er það mjög takmarkandi fyrir sveitarfélög að geta ekki nýtt sér skuldabréf frá þriðja aðila sem er með ábyrgð sveitarfélags til að greiða upp eða upp í skuldbindingu sína.

Það er því tillaga Akraneskaupstaðar að bætt verði inn í fyrirliggjandi breytingatillögu „að greiða með skuldabréfi“ og mun þá tillaga að breytingu við 3. mgr. 36. gr. laganna verða svohljóðandi:

*„Nú greiðir launagreiðandi inn á skuldbindingu sína við lífeyrissjóð, sem nýtur bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélags, með því að gefa út **eða greiða** með skuldabréfi [skv. 9. tölul. 1. mgr.] sem ekki eru skráð á skipulegum markaði og skal sjóðnum þá heimilt að eiga slík skuldabréf óháð takmörkunum þessarar greinar.“*

Í greininni er lagt til að mælt verði fyrir um, að greiði launagreiðandi inn á skuldbindingu sína við lífeyrissjóð, sem nýtur ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga í samræmi við samþykktir, með útgáfu skuldabréfs og/eða greiði með skuldabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, verði sjóðnum heimilt eiga slík skuldabréf óháð takmörkunum 36. gr.

Þær stofnanir, sem tryggðu réttindi starfsmanna í lífeyrissjóðum (t.d. B-deildir) með ábyrgð ríkis eða sveitarfélags, ábyrgjast í einhverjum mæli hver fyrir sína stofnun greiðslur úr þeim. Stjórnnum sjóðanna hafa verið veittar heimildir ýmist í lögum eða samþykktum til þess að taka við skuldbréfum til greiðslu á skuldbindingum sem taka mið af þessari ábyrgð launagreiðenda. Það er okkar skoðun að veita eigi þessum lífeyrissjóðum heimildir til þess að eiga slík skuldbréf óháð ákvæðum 36. gr. Við áréttum þá skoðun okkar að mikilvægt sé að laungreiðendur eigi þess kost að greiða skuld sína við lífeyrissjóð með skuldabréfi og að jafnræðis sé gætt í því tilliti. Með sama hætti er það mikilvægt fyrir lífeyrissjóðinn að fá skuldbindinguna greidda með skilgreindu greiðsluflæði.

Vakni einhverjar frekari spurningar við lestur bréfsins er undirrituð fús til að svara þeim eins og kostur er.

Virðingarfyllst,

  
Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri